

## Vinnufundur vegna þarfagreiningar vegna byggingar knattspyrnuhúss

Miðvikudaginn 19. september kl. 12:00 í fundarsal bæjarstjórnar

Fundarboð var eftirfarandi:

Ágæti viðtakandi með fundarboði þessu er þér boðið að taka þátt í vinnu við þarfagreiningu vegna fyrirhugaðra byggingar á fjölnota knattspyrnuhúsi.

Hugmyndin er að heyra í þeim hagsmunaaðilum sem hugsanlega geta á einhvern hátt nýtt sér fyrirhugaða byggingu.

Fundurinn verður í fundarsal bæjarstjórnar í stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 19. september kl. 12:00.

Brynjar Þór Jónasson gerði grein fyrir stöðu byggingar, stærð og staðsetningu.

Atli Freyr Rúnarsson GÍ: telur að skólinn gæti nýtt húsið eins og það er, gott væri að hafa hlaupabraut. Hugsanlega hægt að vera með kynningu á golfíþróttinni.

Sædís María Jónatansdóttir, velferðasviði: mikilvægt út frá jafnréttissjónarmiði að skoða snertifleti við marga hagsmunaaðila.

Margrét Geirsdóttir, velferðasviði: Miklir möguleikar fyrir eldri borgara og fatlaða. Mikilvægt að það sé góð göngubraut með góðu undirlagi. Boltaleikir, þjálfun og æfingar.

Valur, skotíþróttaiþróttafélaginu: Möguleiki á að halda stórt alþjóðlegt í bogfimi og fleiri íþróttagreinum ef möguleiki er á að hita húsið upp.

Sigrún C Halldórsdóttir, formaður eldri borgara: Mikilvægt að hafa göngubraut og möguleika á upphitun. Gott að hafa möguleika á að hittast fyrir og eftir göngu.

Ásgerður Þorleifsdóttir, formaður atvinnumálanefndar: Möguleiki á að halda sýningar, 17. júní hátíðarhöldin og jafnvel tónleikar. Huga þarf að útgönguleiðum fyrir margt fólk svo ekki sé lokað á einhverja möguleika.

Kristján Kristjánsson, Golfklúbbur Ísafjarðar: Golfarar geta nýtt húsið, það þarf að vera 10-15 gráðu hiti.

Sigríður Þórðardóttir, Kubba: Eldri borgarar myndu þurfa upphitun ef spila á boccia en það þyrfti ekki hita það upp fyrir göngubraut, það væri í lagi að ganga inni þó það sé eitthvað kalt. Það þarf þó að hita upp ef fatlaðir koma í húsið.

Ragnar H Sigtryggsson, Vestra: Það er gríðarleg vöntun á aðstöðu fyrir knattspyrnuiðkendum.

Mikilvægt að möguleiki sé á að hita húsið upp, allir sammála því.

Fundi slitið kl. 12:35

MH